

## 11.05.2016 Ársskýrsla Handís, starfsárið 2015-2016

### Um félagið

Handís verður 16 ára á þessu ári en félagið var stofnað 23. júní 2000.

### **Stjórn**

Í stjórn sátu og skiptu með sér verkum sem hér segir :

Ella Kristín Karlsdóttir, formaður  
Björg Guðmundsdóttir, varaformaður  
Ólöf Unnur Sigurðardóttir, gjaldkeri  
Eyrún Jónsdóttir, ritari  
Ragnheiður Sverrisdóttir, meðstjórnandi  
Guðrún Einarsdóttir, varamaður  
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, varamaður

### **Skoðunarmenn reikninga**

Hallveig Finnbogadóttir  
Ingibjörg Ásgeirsdóttir

6 stjórnarmenn sátu frá árinu áður. Einn aðili kom nýr inn í stjórnina. Góður starfsandi ríkti í stjórn og einhugur var ríkjandi um þau mál sem komu inn á borð stjórnar. Á starfsárinu voru haldnir 6 stjórnarfundir, einn fræðslufundur var haldinn á árinu.

Fræðslufundurinn var haldinn 26. nóvember.

Gestur fundarins var Henry Alexander Henrysson aðjunkt við sagnfræði- og heimspekideild við Háskóla Íslands. Fyrirlestur hans hét Starfstengd siðfræði og fagleg ábyrgð.

Félagið hefur komið að undirbúningi að námi í handleiðslu.

Félagið hefur hafið undirbúning að komu Peter Hawkins í lok maí 2018. Hugmyndin er að halda bæði Master class og þriggja daga handleiðluþjálfun.

### **Félagsmenn og félagsgjöld**

Í dag eru félagsmenn 29 og árgjald er kr.3000.-

## **Leiðarljós stjórnar eru þau sömu og í reglum félagsins.**

- Að stuðla að þróun og hagnýtingu handleiðslu í starfi fagstétta.
- Að stuðla að viðhaldi fræðilegrar og verklegrar þekkingar um handleiðslu með fyrirlestrum og námskeiðum.
- Að kynna handleiðslu sem starfs- og fræðigrein, - kosti hennar og gildi í faglegu starfi.
- Að vernda hagsmuni þeirra sem starfa að handleiðslu og stuðla að því að þeir uppfylli fyllstu kröfur um þekkingu og siðgæði í starfi.
- Að stuðla að samheldi meðal félagsmanna og samstarfi við sambærileg félög í öðrum löndum.

## Upplýsingamál

Heimasíðan- [www.handleidsla.is](http://www.handleidsla.is)

Markmið stjórnarinnar er að á heimsíðunni verði jafnan nýjar fréttir um félagið og félagsstarfið. Heimasíðan er því uppfærð reglulega

## **Um starfsemi nefnda og fleira**

Störf fastanefnda

Í félaginu eru tvær fastanefndir kynningarnefnd og siðanefnd.

Í siðanefnd eru þær Björg Karlsdóttir og Guðrún Einarsdóttir.

Í kynningarnefnd Ingibjörg Ásgeirsdóttir, Guðrún Sederholm og Ella Kristín Karlsdóttir.

Fastanefndir skila munnlegri skýrslu til aðalfundar.

Stjórn þakkar fulltrúum í nefndum fyrir vel unnin störf.

F. h. stjórnar Handís

Ella Kristín Karlsdóttir,

formaður